

Borgarstjórn Reykjavíkur
19. mars 2024

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um rekstrargrundvöll Félagsbústaða

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að endurskoða rekstrargrundvöll Félagsbústaða þannig að ekki verði gert ráð fyrir því að leigjendur beri aðalábyrgð á fjárhagslegri sjálfbærni þess. Reykjavíkurborg sé virkari í að verja leigjendur félagsins sem eru í viðkvæmri stöðu fyrir, og komi t.a.m. með bein fjárframlög til Félagsbústaða til þess að halda leiguverði stöðugu, eða skoði möguleikann á lengingu í lánum til að lækka greiðslubyrði. Félagsbústöðum í samvinnu við fjármála- og áhættustýringarsvið og velferðarsvið verði falið að útfæra efni tillögunnar. Leitað verði til viðeigandi aðila eftir því sem við á.

Greinargerð

Í stefnu Félagsbústaða er gert ráð fyrir fjárhagslegri sjálfbærni sem þýðir að rekstrartekjur hvers árs eigi að standa undir rekstrargjöldum, vaxtagjöldum og afborgunum langtímalána sem falla til á hverju ári. Helstu rekstrartekjur Félagsbústaða koma frá leigjendum í formi leigutekna.